


## Samtök ferðapjónustunnar

Borgartún 35  
105 Reykjavík  
Sími: 511 8000  
Símbref: 511 8008  
www.saf.is  
Netfang: info@saf.is

Alþingi  
Erindi nr. Pp 138/33  
komudagur 2. desember 2009



Iðnaðarnefnd Alþingis

Reykjavík 2. desember 2009

### Efni: Tillaga til þingsályktunar um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á hálendinu

Samtök ferðapjónustunnar hafa fjallað um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Á aðalfundi Samtaka ferðapjónustunnar árið 2007 var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

#### *Ályktun um landnýtingaráætlun ferðapjónustunnar*

*Aðalfundur Samtaka ferðapjónustunnar haldinn 29. mars 2007 skorar á stjórnvöld að vinna landnýtingaráætlun með þarfir ferðapjónustunnar í huga á sama hátt og fyrirliggjandi tillaga á Alþingi gerir varðandi nýtingaráætlun og verndaráætlun fyrir auðlindir landsins bæði til lands og sjávar. Nýting náttúruauðlinda til ferðapjónustu er mikilvæg og þarf að kortleggja til að hægt sé að undirbúa fjárfestingu í innviðum og markaðsstarfi.*

Samtökin eru því þeirrar skoðunar að mikil þörf sé á landnýtingaráætlun á forsendum ferðapjónustunnar. Sú rammaáætlun sem unnið er að nú um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er óneitanlega á forsendum virkjana. Þar er unnið ágætt starf sem samtökin taka þátt í og yrði nauðsynlegt að samnýta þessar tvær áætlanir.

Samtökin eru ennfremur þeirrar skoðunar að þörf sé á landnýtingaráætlun fyrir allt landið þótt ugglaut sé heppilegt að byrja á miðhálendinu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ennfremur telja samtökin að gefinn sé of langur tími í þessa áætlun þar sem verkið er aðkallandi.

Samtök ferðapjónustunnar leggja því til að þingsályktunartillaga þessi verði samþykkt.

Virðingarfyllst  
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Erna Hauksdóttir  
framkvæmdastjóri